



Jökclarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 2

Febrúar 1984

A Ð A L F U N D U R

Aðalfundur félagsins verður haldinn á Hótel Hofi,
Rauðarársstíg (áður Hótel Hekla) fimmtudaginn
23. febrúar 1984, kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál
3. Kaffidrykkja
4. Helgi Björnsson segir frá mælingum á
Hofsjöklí síðastliðið vor.

"Í jöklinum hljóða dauðadjúpar sprungur"

Á síðasta skemmti- og fræðslufundi (26. jan) sýndi Jón Sveinsson okkur myndir af laumulegum jökulsprungum á Grímsfjalli. Þær eru einmitt við alfaraleiðir jökulfara. Hvarvetna á myndum Björns Rúrikssonar mátti greina jökulsprungur, svelgi á nokkrum stöðum, allit í tígurlegu ívafi. Í skíðagöngusögunni sagði Valdimar Valdimarsson: "varhuga-verðar eru sprungurnar á sléttum jöklinum norðan Esjufjalla". Ég vil taka undir þessi orð, en það er ekki nóg.

Eigum við ekki að leggja saman og gefa út sprungukort af Vatnajökli? Og þá einnig af fleiri jöklum eftir efni og ástæðum. Sennilega verður hagkvæmast að leggja einstök svæði og leiðir til grundvallar og hefja starfið þannig. Til umhugsunar og athafna.

S. Rist.

Frá stjórni

Á síðasta aðalfundi var Sigurjón Rist kjörinn formaður til þriggja ára. Hann lýsti því þá yfir að hann mundi taka starfið að sér til eins árs. Vegna eindreginna tilmæla frá stjórni, varastjórni og formönnum nefnda hefur hann fallist á að vera út kjörtímbilið.

Rannsóknir á Hofsjökli

Hofsjökull, þriðji stærsti jökull landsins, hefur löngum verið fáfarinn og lítt kannaður. Þó hafa menn vitað að þar væri margt forvitnilegt að sjá og óviða getur um betra útsýni yfir hálandið. Nú hefur hins vegar orðið mikil breyting á, því Hofsjökull er nú eini jökull landsins sem hefur allur verið kannaður svo að teikna megi kort af botni hans og yfirborði. Hér er átt við niðurstöður af sex vikna löngum leiðangri, sem Landsvirkjun stóð að vorið 1983, en þá var allur jökullinn kannaður með íssjá Raunvísindastofnunar.

Margt athyglisvert kom fram í þessum leiðangri, t.d. það, að Hofsjökull nær 1800 m hæð og er því hærri en áður var talið og undir honum leynist ein stærsta askja landsins, 600-700 m djúp.

Helgi Björnsson mun sýna myndir frá leiðangrinum vorið 1983 og segja frá nokkrum niðurstöðum að loknum aðalfundarstörfum á fundi JÖRFI fimmtdaginn 23. febrúar 1984.

H.B.

Frá skálaneftnd

Skálar JÖRFI eru á sjö stöðum: Kirkjuból við Fjall-kirkjuna á austurjaðri Langjöku, Jökulheimar við Tungnaár-botna, Grímsvatnaskáli á Svíahnjúk eystri á Vatnajökli, Kverkfjallaskáli austan við Hveradalina í norðurjaðri Vatnajökuls, Esjufjallaskáli sunnan Lyngbrekkutinds, Breiðárskáli vestan Jökulssr á Breðamerkursandi og Goðheimar við Goðahnjúka austast á Vatnajökli, SV af Grendli.

Þar eð svæði það sem skálar félagsins spenna yfir er nokkuð stórt og ekki alltaf sem greiðfærast að þeim, kemst skálaneftndin ekki yfir að fylgjast árlega með ástandi þeirra. Því viljum við biðja þá ferðamenn sem leið eiga um þau svæði og hafa í hyggju að notfæra sér gistiádstöðu í skálunum að hafa samband við einhvern í nefndinni. Skeð gæti að eitthvað þyrfti að lagfæra, svo sem gluggajárn, hurðarhúna eða bera á þök eða lista á samskeytum og ýmislegt annað sem þurfa þykir. Einnig væri ekki síður vel þegið að samband væri haft við okkur að ferð lokinni og okkur skýrt frá ástandi skálanna, svo hægt væri að biðja næsta ferðahóp að gera viðeigandi lagfæringar.

Viðhald skálanna hefur ærinn kostnað í fór með sér þótt öll vinna sé unnin af sjálfboðaliðum. Þess vegna vonum við að þeir sem gista í skálunum telji það ekki eftir sér að greiða fyrir gistingu. Gistigjaldið er það sama og Ferðafélag Íslands tekur fyrir gistingu félagsmanna sinna. Upplysingum og gistingjöldum má koma til Jóns E Ísdal Sunnuflöt 48, Garðabæ (sími heima 42514, vinna 81555) og Stefáns Bjarnasonar, Hæðargarði 54, R (sími heima 37392, vinna 86125).

S.B.

Gjörfi

Nú er GJÖRFI kominn á fjórða ár. GJÖRFI hvað er nú það? GJÖRFI = JÖRfélagar sem ánægju hafa af skíðagöngu og skemmtilegum félagsskap. Koma þeir saman við Nesti á Ártúns-höfða kl. 13.00 annanhvorn laugardag. Þar eru gönguleiðir dagsins ákveðnar, áður en lagt er af stað. Lengd göngunnar hverju sinni fer eftir birtu og veðri. Fyrsta gangan var laugardaginn 3. janúar 1981. Fjölmennast í göngu hefur verið 23, en fámennast 2. Frá upphafi hafa verið farnar 30 göngur og er meðaltalsmæting 10-11 félagar.

Göngudagar vetrarins: 7/1, 21/1, 4/2, 18/2, 4/3, 17/3, 31/3, 14/4, 28/4, 12/5. Allir hressir félagar velkomnir --- Engin aldurstakmörk.

S.V.

Félagatal

Að undanförnu hefur verið unnið að leiðréttингum á félagatali. Hefur gengið erfiðlega að halda því réttu, þar sem félagar tilkynna ekki aðseturskipti til félagsins. Á pósthusum má fá spjöld til að tilkynna breytt heimilisföng, og má pósta þau án burðargjalds. Félagar eru hvattir til að notfæra sér þetta og gera leiðréttингar við félagatalið.

Nú eru félagar 518, þar af 42 fyrirtæki og bókasöfn. Um 20 % félaga hafa ekki enn greitt félagsgjald (kr. 250) fyrir árið 1983. Eru menn hvattir til að gera skil hið fyrsta. Þeir sem týnt hafa gíróseðlinum er bent á að reikningsnúmer félagsins er 2660 í Útvegsbankanum, Laugavegi 105.

E.G.